

Fréttatilkynning

Norrænt sjónvarpssamstarf:

# Norsk þáttaröð slær í gegn á öllum Norðurlöndunum

**Þættir norska ríkissjónvarpsins NRK um fjóra siðblinda og hömlulausa auðmenn hafa notið meiri velgengni í streymisþjónustum en nokkur önnur þáttaröð á vegum norrænu ríkissjónvarpsstöðvanna hingað til. „Exit“ – eða „Útrás“ eins og þættirnir nefnast á íslensku – hafa slegið í gegn hjá öllum aldurshópum á öllum Norðurlöndunum.**

**Á heildina litið getur norrænt samstarf nú af sér meira leikið sjónvarpsefni en nokkru sinni fyrr.**

Runnið er upp nýtt gullaldarskeið í gerð leikinna þáttaraða á Norðurlöndum og eru þættirnir Exit frá NRK lýsandi dæmi um árangur norræns samstarfs á þessu sviði. Hið svokallaða N12-samstarf um framleiðslu leikins sjónvarpsefnis hefur nú staðið yfir í fjögur ár og hefur fært áhorfendum í Nordvision-löndunum fimm Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Finnlandi og Íslandi alls 48 norrænar þáttaraðir.

„Exit sker sig úr í öllum löndum og aldurshópum og nýtur þeirrar almennu hylli sem alla dreymir um á ári þar sem fleiri samframleiddar þáttaraðir eru í boði en nokkru sinni fyrr í sögu Nordvision-samstarfsins – ekki einungis þegar litið er til efnis fyrir fullorðna, heldur einnig hvað varðar leikið sjónvarpsefni fyrir börn og unglunga,“ segir Henrik Hartmann, framkvæmdastjóri Nordvision.

Exit-þættirnir hafa notið fáheyrðra vinsælda hjá notendum streymisþjónustu á Norðurlöndunum, einnig hjá yngri markhópnum. Sem dæmi má nefna að meira en fjórir af hverjum tíu Norðmönnum á aldrinum 19 til 29 ára hafa séð þættina, en það er einmitt sá aldurshópur sem ríkisfjölmiðlarnir hafa lengi átt erfitt með að ná til. Áhorfendurnir staldra líka lengi við: 97,6 prósent þeirra Norðmanna sem sáu fyrsta þáttinn horfðu á alla átta þættina í fyrstu þáttaröðinni.

## **Byggir á raunverulegum atburðum**

Í Exit segir frá hópi auðmanna úr norsku fjármálaelítunni sem lifa samvisku- og hömlulausu lífi með tilheyrandi partýstandi, áfengi, eiturlyfjum og vændiskonum.

Þættirnir eru byggðir á viðtölum við raunverulega auðmenn sem sögðu handritshöfundinum Øystein Karlsen frá öfgafullu líferni sínu gegn loforði um nafnleynd. Margt af því sem vakið hefur hvað mesta eftirtekt í þáttunum byggist því á raunverulegum atburðum og það skýrir að miklu leyti velgengni þeirra að mati Ivar Køhn, yfirmanns leikins sjónvarpsefnis hjá NRK.

„Þetta er í senn heillandi og öfgafullt umhverfi sem við höfum ekki hugmynd um að sé til. En áhorfandinn upplifir þættina sem raunverulega, jafnvel þótt þeir séu skáldskapur. Aðalpersónurnar fjórar eru því skáldaðar og ekki er hægt að rekja þær til ákveðinna einstaklinga í hópi auðmannanna sem rætt var við. Fólk hefur gaman af því að fylgjast með lífi auðmanna og sjá hvað peningar geta gert,“ segir Ivar Kohn.

### **Sló í gegn hjá áhorfendum**

Það er ekki aðeins í heimalandinu Noregi sem áhorfendur hafa fylgst spenntir með Exit-þáttaröðunum, sem eru enn sem komið er tvær talsins.

Á hinum Norðurlöndunum hafa þættirnir einnig slegið rækilega í gegn hjá áhorfendum.

„Það má má svo sannarlega segja að þeir hafi slegið í gegn,“ segir Anna Maksumic, verkefnastjóri hjá SVT Drama, framleiðslu- og þróunardeild fyrir leikið efni hjá sænska ríkissjónvarpinu.

Gitte Laurell, stjórnandi streymisþjónustunnar Arenan hjá Svenska Yle í Finnlandi, er á sama máli:

„Já, þeir slógu líka rækilega í gegn hjá okkur”.

Að sögn Gitte Laurell hafa Exit-þættirnir auk þess náð að kalla fram óvenjumikil viðbrögð hjá áhorfendum.

„Það sem er spennandi við Exit er að áhorfendur í öllum aldurshópum hafa gaman af þáttunum, horfa á þá og ræða um þá sín á milli. Það er líka greinilegt að fólk vill geta hámhorf á þættina í einu lagi.”

Hún segir þúsundir Finna hafa fagnað því á samfélagsmiðlum þegar ljóst var að þriðja þáttaröðin væri á leiðinni. Hún er hins vegar ekki væntanleg á skjáinn fyrr en 2024.

Hjá RÚV á Íslandi hafa þau svipaða sögu að segja.

„Já, það er ekki nokkur vafi á því. Exit var mest streymda þáttaröðin hjá okkur árið 2021,“ segir Valgeir Vilhjálmsson, yfirmaður markaðsrannsókna hjá RÚV, og bætir við:

„Þetta eru bestu áhorfstölur fyrir streymi á N12-efni sem við höfum séð hingað til.”

Þáttaröðin er hluti af norræna samstarfsverkefninu N12 sem tryggir að framleiddar séu 12 nýjar leiknar þáttaraðir fyrir fullorðna á hverju ári.

### **Einnig góður árangur af leiknu efni fyrir börn**

Árið 2021 var fyrsta árið með formlegu samstarfi um gerð leikins efnis fyrir börn sem kallast B14. Líkt og nafnið gefur til kynna var markmiðið að framleiða 14 leiknar þáttaraðir fyrir börn á hverju ári, en árangurinn fór langt fram úr því metnaðarfulla markmiði því heilar 24 þáttaraðir sem framleiddar voru innan Nordvision-samstarfsins drógu börn að skjánum á síðasta ári.

Þrátt fyrir heimsfaraldur kórónuveiru reyndist þetta því vera sannkallað metár í norrænu sjónvarpssamstarfi.

Aldrei fyrr hefur samstarfið getið af sér jafnmikið efni og árið 2021, þegar litið er til fjölda samframleiddra þátta.

Framkvæmdastjóri Nordvision, Henrik Hartmann, lýsir árinu sem ef til vill því mikilvægasta í 62 ára sögu samstarfsins, því samstarfsaðilarnir hafi fjárfest í efni hvers

annars í áður óþekktum mæli, sem hefur skilað sér í meiri samframleiðslu en nokkru sinni fyrr, einkum á leiknu sjónvarpsefni fyrir fullorðna, unglunga og börn.

**Um Nordvision:**

Nordvision er samstarfsvettvangur norrænu ríkisfjölmiðlanna til að efla almannaþjónustu á Norðurlöndum. Meðlimirnir eiga samstarf um framleiðslu á efni, skiptast á efni, þróa efni og deila þekkingu sín á milli, en árlega getur samstarfið af sér meira en 4500 þætti.

Stofnað var til samstarfsins 1959

Framkvæmdastjóri er Henrik Hartmann

**Samstarfsaðilar**

Aðilar að samstarfinu eru DR (Danmörku), NRK (Noregi), SVT (Svíþjóð), Yle (Finnlandi) og RÚV (Íslandi) ásamt fimm tengdum aðilum: KNR (Grænlandi), KVF (Færeyjum), UR (Svíþjóð), Sveriges Radio (SR, Svíþjóð) og Ålands Radio (Álandseyjum).